

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 893/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

#### 1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn stk.</b>	<b>Verðtollur %</b>	<b>Magntollur kr./kg</b>
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.04 - 31.12.04	2.500	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.07.04 - 31.12.04	125.000	30	0

#### 2. gr.

Ný 4. gr. orðist svo:

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2004 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*